

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 12. janúar 2018.



3. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum og á fjarfundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, Rúnar Gíslason, Ingvar Arnarson, Daníel Arnarson, Einar Bergmundur Þorgerðar- og Bóasarson og Ragnar Karl Jóhannsson. Á fjarfundi: Ingibjörg Þórðardóttir. F.h. starfsfólks Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir og Lís Kristjánsdóttir. F.h Þingflokks; Kolbeinn Óttarsson Proppé, Fh. EVG: Þóra Elfa Björnsson, F.h. UVG: Gyða Dröfn Hjaltadóttir (á fjarfundi).

Fundur settur kl. 15.15

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
2. Kynning á nýjum framlögum til stjórnmalaflokka. Katrín kynnir hækku framlaga frá ríki til stjórnmalaflokka sem hafa ekki hækkað sl. tíu ár. Björg Eva ræðir þá vinnu sem fram fór á samráðsvettvangi framkvæmdastjóra flokka sem sæti eiga á alþingi. Samstarfið hefur gegnið vel. Skipuð hefur verið nefnd til að fara yfir lög um fjármál stjórnmalaflokka og nafnlausu miðlu kosningaráróðurs. Ný framlög munu hafa áhrif á fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Hún verður svo endanlega verið lögð fram fyrir stjórn þegar hún verður tilbúin. Umræður um fjármögnun stjórnmalahreyfinga.
3. Drög að fjárhagsáætlun 2018 kynnt. Björg Eva og Una kynna drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Gera þarf upp kosningar 2017 og undirbúa kostnaðaráætlun fyrir sveitarstjórnarkosninga 2018. Umræður um fjárhagsstöðu hreyfingarinnar og drög að fjárhagsáætlun 2018. Vinna þarf tillögu að skiptingu kostnaðaráætlunar vegna sveitarstjórnarkosninga. Björg Evu og Unu falið að ganga frá fjárhagsáætlun 2018 fyrir næsta stjórnarfund ásamt yfirliti um fjárhagsstöðu kjördæmisráða og svæðisfélaga.

4. Drög að starfsáætlun 2018 lögð fram. Björg Eva kynnir drög að starfsáætlun fyrir árið 2018 ásamt nýju viðburðardagatali. Umræður um drög að starfsáætlun.
5. Kynning á fundi stjórnmalahreyfinga: #metoo – hvað svo? Morgunverðafundi 22. janúar. Anna Lís kynnir fyrirhugaðan fund vegna #metoo frá 8.30-10.30 á Grand Hótel í Reykjavík. Allir hvattir til að mæta. Aðgerðaráætlun verður kynnt í kjölfarið.
6. Flokksráðsfundur í Reykjavík 27. janúar nk. Katrín kynnir framkomin drög að dagskrá flokksráðsfundar þann 27. janúar nk. og umræður um þau. Unnið er að veflausn til að kynna og ræða ályktanir fyrir flokksráðsfundi, hún verður kynnt síðar. Drög að dagskrá flokksráðsfundar verða endurskoðuð í kjölfar umræðna. Katrínu, Lísu og Björg Evu falið að ganga frá málinu ásamt Edward.
7. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga. Líf Magneudóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Sveitarstjórnarráð er skipað sveitarstjórnarfulltrúum um landið. Ráðið vinnur nú að undirbúningi sveitarstjórnarráðstefnu í apríl. Líf kynnir þá vinnu sem þegar er í gangi og hvað er framundan. Einnig er fyrirhuguð ferð framkvæmdastjóra og varaformanns um landið. Björgu Evu er falið að útfæra miðlæga vinnu vegna undirbúnings sveitarstjórnarkosninga í samráði við formann sveitarstjórnarráðs og formann.

Ingibjörg vék af fundi kl. 16.30.

8. Stjórnmalin i upphafi árs.
Katrín fer yfir stöðu stjórnmalanna í upphafi árs. Umræður um stöðuna í stjórnmalunum.

Gyða Dröfn vék af fundi kl. 17.20.

9. Önnur mál
 - a) Fjarfundarbúnaður
Búið að fjárfesta í nýjum fjarfundarbúnaði. Unnið áfram að því að bæta þann búnað áfram.
 - b) Ritstjórn
Daníel Haukur leggur til að skipuð verði ný ritstjórn sem starfi ekki einungis í aðdraganda funda heldur einnig milli þeirra. Unnið verði

t.d í texta á heimasíðum og öðrum miðlun. Ákveðið að leggja fram tillögu um skipan ritstjórnar sem starfi út kjörtímabil stjórnar á næsta fundi stjórnar. Lísu er falið að undirbúa myndatöku af nýrri stjórn á flokksráðsfundi í janúar.

c) Hlutverk stjórnar. Daníel leggur til að skerpa þurfi á verkaskiptingu milli stofnana hreyfingarinnar, t.d. þingflokks og skrifstofu. Skýra betur hlutverk stjórnarinnar t.d. með samþykktum. Elínu og Daníel falið að hefja undirbúning að drögum um slíka samþykkt fyrir næsta landsfund í samráði við skrifstofu.

d) Forvöl – uppstillingar – túlkun laga. Minnisblað frá Edward vegna túlkunar á forvalsreglum hreyfingarinnar. Samkvæmt 3. gr. laga hreyfingarinnar kemur fram: „Við val í trúnaðarstörf á vegum hreyfingarinnar og starfi hennar í hvívetna skal þess gætt að ekki halli á konur.“

Skal það viðhaft við túlkun á forvalsreglum hreyfingarinnar þar sem lög teljast æðri öðrum reglum.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn. 2. febrúar 2018.

Fundi slitið kl. 17.50.